

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 28. október 2022
Málsnúmer: 202210-0009
SS/OKV/RT/LA

Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar við hitaveitulögn frá Syðri-Haga til Hjalteyrar

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 6. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Norðurorku hf. á lagningu hitaveitulagnar frá Syðri-Haga til Hjalteyrar eigi að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni og vill koma eftirfarandi á framfæri:

Varðandi legu hitaveitulagnarinnar og áhrif á gróðurfar vill Náttúrufræðistofnun benda á að við Arnarnes virðist lögnin fara að mestu yfir mólendi en inn á milli eru leifar af votlendisblettum. Í grennd við vinkilbeygju sem er á lögninni á mynd 4.3 er votlendisfláki en vegslóð liggur í gegnum hann svo að hann er ekki óraskaður. Velta má fyrir sér hvort lögnin ætti ekki að fylgja gömlu lagnaleiðinni og skógræktinni sem þarna er fremur en að taka þessa leið sem sýnd er með rauðu á mynd 4.3 og þar með hlífa votlendu fyrir raski.

Að öðru leyti fylgir leiðin vegum, fer um tún og skógrækt og framræst land þar til kemur norður að Syðri-Haga. Þar fer lögnin í gegnum óraskað land, sjá mynd 4.1, og segir í myndatexta að þar sé mólendi. Fram kemur á bls. 18 í megintexta: “Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er stór hluti mólendisins skráður sem votlendi [1] sem er ekki rétt skráning.” Ef skilja má textann þannig að á þessu svæði sé einungis mólendi þá er það rangt. Af loftmyndum að dæma er votlendi á drjúgum kafla milli Syðri-Haga og Víkurbakka en rofið land er í kring. Skoða ætti þann möguleika að færa lögnina austur fyrir votlendið og hlífa því við raski. Þótt ekkert land verði ræst fram við framkvæmdina er ekki hægt að segja annað en að landi verði raskað. Hvort votlendi skerðist við það er svo spurning um túlkun og þá hvort virkni votlendisins verði sú sama fyrir og eftir framkvæmdir. Æskilegt væri að hlífa votlendi við óparfa raski sé það gerlegt.

Áhrif á fuglalíf eru líkleg til að vera tímabundin en það fer þó eftir því hversu mikið umfang er á raski votlendis og mólendis og sá tími sem það tekur fyrir gróðurfarið að jafna sig.

Í heildina er ágætlega gert grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og ef vel er staðið að frágangi ættu þau að vera tiltölulega lítil, en sérstaklega ef fylgt er ráðleggingum Náttúrufræðistofnunar hér að framan, til að draga úr raski á votlendi. Náttúrufræðistofnun telur framkvæmdina ekki vera þess eðlis að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun vill að lokum benda á, þótt það tengist ekki umhverfisáhrifum þessarar framkvæmdar beint, að í nýlegum umsögnum stofnunarinnar m.a. til Orkustofnunar um nýtingarleyfi Norðurorku hf. á Hjalteyri og nágrenni, hefur verið bent á að jarðhitanýting í



Hjalteyrarkerfinu hefur greinileg áhrif á friðlýstar neðansjárstrýtur í Eyjafirði. Áframhaldandi og aukin nýting úr kerfinu mun verulega auka líkurnar á að verndargildi strýtanna rýrist til frambúðar. Mikilvægt er að meta hvernig aukin nýting á jarðhita við Syðri-Haga hefur áhrif á jarðhitakerfið í heild sinni. Mögulega gæti það létt á Hjalteyrarkerfinu og þar með álagið á neðansjárstrýtunum en einnig gætu verið tengsl milli kerfanna. Þörf er á rannsóknum hvað þetta varðar, en ákvarðanataka um einstakar framkvæmdir sem tengjast jarðhitanytingu í Eyjafirði verður alltaf að skoða í stærri samhengi hverju sinni.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

